

STJÓRNKERFIS- OG LÝÐRÆÐISRÁÐ

Ár 2015, 2. mars, var haldinn 13. fundur stjórnkerfis- og lýðræðisráðs. Fundurinn var haldinn í borgarráðsherbergi Ráðhúss og hófst kl. 13.30. Fundinn sátu Halldór Auðar Svansson, Eva Einarsdóttir, Hilmar Sigurðsson, Inga Auðbjörg Kristjánsdóttir, Áslaug María Friðriksdóttir, Hildur Sverrisdóttir og áheyrnarfulltrúinn Eyrún Eyþórsdóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Ellý Katrín Guðmundsdóttir, Hreinn Hreinsson og Sonja Wium. Fundarritari var Ásta Guðrún Beck.

Petta gerðist:

1. Fram fer kynning á 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna. Sóley Tómasdóttir og Hildur Lilliendahl taka sæti á fundinum undir þessum lið. Óska þær eftir tengilið til að taka þátt auk tillagna frá stjórnkerfis- og lýðræðisráði um viðburði. Lagt er til að Halldór Auðar Svansson verði tengiliður og er það samþykkt.
- Klukkan 13:36 tekur Stefán Þór Björnsson sæti.
2. Fram fer kynning á helstu niðurstöðum kosninganna Betri hverfi 2015. Lögð er fram svohljóðandi tillaga frá fulltrúum Sjálfstæðisflokks:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í stjórnkerfis- og lýðræðisráði fagna því að nú þegar sé búið að taka saman gögn um þátttöku í nýafstaðinni kosningaþátttöku í Betri hverfum. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins telja að það hljóti að valda vonbrigðum að þátttakan hafi einungis verið um 7%. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa áður bent á að til að beint lýðræði eigi að vera réttlætlegt á þennan hátt, með allri þeirri kynningarstarfsemi og kostnaði að öðru leyti, verði að vera hlutfallslega næg þátttaka. Einnig er vert að velta upp hvort að meirihlutakosning um hagsmuni svo fárra geti á þennan hátt haft áhrif á nærumhverfi yfir 90% Reykvíkinga sem kusu að taka ekki þátt, án þess að nokkur kjörinn fulltrúi beri pólitíska ábyrgð á þeim ákvörðunum. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja til í ljósi þessa að hverfiskosningin Betri hverfi verði endurskoðuð áður en haldið verði í fleiri slíkar kosningar.

Frestað.

Umræða um umfjöllun á samfélagsmiðlum Reykjavíkurborgar í aðdraganda kosninga í Betri hverfum.

Lögð er fram eftirfarandi bókun frá fulltrúum Sjálfstæðisflokks:

Mjög mikilvægt er að Reykjavíkurborg fari með upplýsingar í aðdraganda kosninga á þann hátt að ekki sé gert upp á milli tillagna sem íbúar eiga svo að kjósa um. Aðendingar hafa borist borgarfulltrúum um að þetta hafi því miður gerst í aðdraganda kosninga um Betri hverfi. Vinnubrögð upplýsingafulltrúa Reykjavíkurborgar hafa verið á þann óásættanlega hátt að að nota opinbera Facebooksíðu Reykjavíkurborgar til að benda á ákveðin verkefni og hampa þeim umfram önnur – og þar á meðal hans eigið verkefni sem hann lagði sjálfur til að fengi brautargengi. Ekki verður annað sagt en að hér sé um spillingu að ræða sem er nauðsynlegt að grípa til aðgerða gegn. Þó að einungis 7% Reykvíkinga tóku þátt í þessum kosningum má ekki gleyma því að um bindandi kosningu er að ræða upp á stórar fjárhæðir. Málið er því vægast sagt vafasamt og kallað er eftir viðbrögðum meirihlutans í Reykjavík sem ber að sjálfsögðu pólitíska ábyrgð á þeim æðstu embættismönnum sem tala í nafni Reykjavíkur. Óskiljanlegt er að tvær vikur hafi liðið án þess að nokkur úr meirihlutunum hafi gripið inn þessi óásættanlegu vinnubrögð í nafni Reykjavíkur. Til nánari upplýsinga eru opinberu samskiptin eftirfarandi: Upplýsingafulltrúinn skrifar á eigin Facebooksíðu þann 18. febrúar 2015: "Endilega kjósið hugmyndina mína

um göngustíg meðfram KR vellinum. Það myndi gera svo mikið fyrir svæðið og auðvelda öllum sönnum KR-ingum að ganga eða hjóla á völinn". Þann 20. febrúar 2015 segir svo á opinberu Facebooksíðu borgarinnar: "Hér gæti komið gangstétt meðfram KR vellinum ef íbúar í Vesturbæ kjósa þá hugmynd sem er á lista yfir verkefni í Vesturbænum. Það sést ekki alveg á myndinni en þarna meðfram girðingunni er einungis grasræma. Ekki gleyma að kjósa verkefnið sem þú setur í forgang í þínu hverfi."

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð samþykkir eftirfarandi tillögu:

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð óskar eftir því að innri endurskoðun Reykjavíkurborgar fari yfir ábendingar fulltrúa Sjálfstæðismanna um embættisfærslur upplýsingastjóra Reykjavíkurborgar í kynningar- og upplýsingamálum vegna verkefnisins Betri hverfi. Niðurstöður þeirrar yfirferðar verði kynntar á fundi stjórnkerfis- og lýðræðisráðs þegar þær liggja fyrir.

Lögð er fram eftirfarandi bókun frá fulltrúum Sjálfstæðisflokks:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í stjórnkerfis- og lýðræðisráði fagna því að ráðið beini ábendingum fulltrúanna í ábyrgan farveg.

3. Kynning á störfum innri endurskoðunar.
Hallur Símonarson og Anna Margrét Jóhannesdóttir taka sæti undir þessum lið.
4. Lögð fram að nýju tillaga Framsóknar og flugvallarvina um „Stop doing lista“. Lagt er til að fá kynningu frá fjármálaskrifstofu á næsta fundi.
Frestað.
5. Rætt var um opinn fund stjórnkerfis- og lýðræðisráðs sem áætlaður er 30. mars nk.
6. Kynning á stöðu endurskoðunar á upplýsingastefnu Reykjavíkurborgar. Samþykkt er að veita stýrihóp frest til 30. apríl til þess að skila lokadrögum til stjórnkerfis- og lýðræðisráðs.
7. Lagt er fram bréf borgarráðs dags. 24. febrúar 2015 þar sem skýrslu starfshóps um aðgerðir gegn heimilisofbeldi gagnvart fötluðu fólki er vísað til umsagnar ráðsins. Stjórnkerfis- og lýðræðisráð samþykkir að fela erindreka gagnsæis og samráðs að vinna drög að umsögn ráðsins.
8. Fram fer umræða um drög að starfsáætlun stjórnkerfis- og lýðræðisráðs fyrir árið 2015.
- Kl. 15:24 vísar Eyrún Eyþórsdóttir af fundi.

Fundi slitið kl. 15:38

Halldór Auðar Svansson

Eva Einarsdóttir
Inga Auðbjörg Kristjánsdóttir
Áslaug María Friðriksdóttir

Hilmar Sigurðsson
Hildur Sverrisdóttir
Stefán Þór Björnsson